

AUGLÝSING

um staðfestingu á þjónustusamningi milli Rangárþings ytra og Ásahrepps um tiltekin verkefni.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi þjónustusamning milli Rangárþings ytra og Ásahrepps. Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og tekur Rangárþing ytra að sér eftirfarandi verkefni fyrir Ásahrepp: frístunda- og sumarverkefni, rekstur sameiginlegs gámaplans, skipulag og framkvæmd snjómoksturs og rekstur íþróttahúss og sundlaugar. Ásahreppur sér um þau verkefni sem lúta að sameignarréttindum, eignum og afnotum sveitarfélaganna og íbúa þeirra innan þjóðlendunnar að undanskildum þeim eignum sem byggðasamlagið Húsakynni bs. annast rekstur á.

Innviðaráðuneytinu, 15. júní 2023.

F. h. r.
Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

Fylgiskjal.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR milli Ásahrepps og Rangárþings ytra.

Ásahreppur, kt. 430169-0339, og Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, gera samkvæmt heimild í 1. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með sér eftirfarandi samning um að tilgreint sveitarfélag taki að sér ákveðin verkefni fyrir hitt og tekur þessi þjónustusamningur við af áður gildandi samningi frá 15. desember 2015. Það sveitarfélag sem tekur að sér verkefni samkvæmt þessum samningi er seljandi þeirrar þjónustu sem um er fjallað og hitt sveitarfélagið kaupandi, sbr. 96. gr. laga nr. 138/2011.

1. gr.

Skilgreining verkefna.

Í samningi þessum er um nokkur verkefni að ræða sem skilgreind eru með eftirfarandi hætti:

- Frístunda- og sumarverkefni.**
Rangárþing ytra sér um og rekur ýmis frístunda- og sumarverkefni fyrir yngri kynslóðina. Ásahreppur hefur fullan aðgang að vinnuskóla, sumarnámskeiðum, samfellu og félagsmiðstöð fyrir börn í sínu sveitarfélagi og unglinga eftir sömu reglum og gilda um íbúa Rangárþings ytra.
- Gámaplan.**
Rangárþing ytra sér um og rekur sameiginlegt gámaplan sveitarfélaganna við Landvegamót þar sem tekið er á móti flokkuðum úrgangi s.s. pappír og plasti, auk heimilissorps. Komi til þess að Sorpstöð Rangárvallasýslu taki að sér umsjón og rekstur gámaplansins fellur þessi liður samningsins úr gildi.
- Snjómokstur.**
Rangárþing ytra annast og sér um skipulag og framkvæmd snjómoksturs í Ásahreppi og skal sú þjónusta vera með sama hætti og gildir samkvæmt reglum Rangárþings ytra.
- Rekstur íþróttahúss og sundlaugar.**
Rangárþing ytra hefur umsjón með öðrum rekstri íþróttamiðstöðvar á Laugalandi (íþróttahúss og sundlaug) en fasteignum sem eru sameign sveitarfélaganna og fer Húsakynni bs. með rekstur þeirra. Ásahreppur hefur fullan aðgang að íþróttamiðstöðvum á Hellu og í Þykkvabæ eftir sömu reglum og íbúar Rangárþings ytra.

e. *Holtamannaafréttur.*

Ásahreppur sér um þau verkefni sem lúta að sameignarréttindum, eignum og afnotum sveitarfélaganna og íbúa þeirra innan þjóðlendunnar Holtamannaafréttar að undanskildum þeim eignum sem byggðasamlag sveitarfélaganna, Húsakynni bs., annast rekstur á. Ásahreppur annast þannig innheimtu og skiptingu á fasteignagjöldum og öðrum tekjum vegna réttinda sveitarfélaganna innan afréttarins, fyrirsvar vegna sameignarréttinda sveitarfélaganna vegna skipulagsmála þar og framkvæmd fjallskila. Sé ráðstöfun réttinda sveitarfélaganna, þ.m.t. lands og með skipulagi, innan afréttarins til lengri tíma en eins árs skal Ásahreppur leita eftir afstöðu Rangárþings ytra sem sameiganda að afréttarréttindunum eftir því sem við á. Í samræmi við fjallskilareglugerð fyrir Rangárvallasýslu skal Rangárþing ytra tilnefna annan fulltrúa sveitarfélaganna í fjallskilanefnd Holtamannaafréttar. Við niðurjöfnun kostnaðar við fjallskil og hreinsun afréttarins skal þess gætt að þátttaka Rangárþings ytra í þeim kostnaði sé reiknuð með sama hætti og gert er gagnvart íbúum Ásahrepps.

2. gr.

Umfang og greiðslur.

Umfang og greiðslur fyrir verkefni er áætlað í fjárhagsáætlun hvers árs og þar er settur rammi um kostnað við þjónustuna. Það sveitarfélag sem selur og veitir þjónustuna skal eigi síðar en 15. október senda því sveitarfélagi sem telst kaupandi, upplýsingar um áætlaðan kostnað einstakra verkefna á næsta ári. Ef kaupandi hefur athugasemdir skal þeim skilað til seljanda eigi síðar en 1. nóvember. Aðilar skulu hafa samráð um að jafna ágreining um fjárhæðir, en samþykki það sveitarfélag sem er kaupandi lægri fjárhæð til einstakra verkefna en seljandi hefur áætlað en honum heimilt að tilkynna kaupanda um þær breytingar sem hann telur sig þurfa að gera þannig að þjónustan sé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun. Ef kaupandi er ekki sáttur við þá breytingu á þjónustu er honum heimilt að segja upp kaupum sínum á þeim þjónustulið með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Sé útlit fyrir veruleg frávik frá samþykktu áætlun ber aðilum að hafa samráð og afla samþykkis sveitarstjórna sveitarfélaganna fyrir auknum fjáruútlátum. Endanlegt uppgjör skal síðan fara fram í lok hvers árs. Sveitarstjórar Rangárþings ytra og Ásahrepps hafa umsjón með samningnum.

a. *Fristunda- og sumarverkefni.*

Ásahreppur greiðir raunkostnað við þátttöku barna úr sveitarfélaginu og unglunga í vinnuskóla, á sumarnámskeiðum og í samfellu og eftir atvikum laun sumarstarfsmanna hreppsins. Þá skipta sveitarfélögin með sér öðrum rekstrarkostnaði vinnuskóla í hlutfalli við fjölda þátttakenda í vinnuskólanum frá hvoru sveitarfélagi. Sama á við um þátttöku í sumarnámskeiðum og samfellu. Kostnaði við rekstur félagsmiðstöðvar er skipt hlutfallslega á hvort sveitarfélag miðaða við fjölda barna í sveitarfélögunum á þeim aldri sem mega sækja miðstöðina. Miðað er við fjöldatölur 1. desember ár hvert. Fyrir bókhald og aðra fjármálalega umsýslu við ofangreind verkefni er áætluð föst fjárhæð kr. 365.022 árlega sem skiptist í hlutfalli við íbúafjölda í sveitarfélögunum 1. desember á reikningsárinu. Fjárhæðin er tengd neysliverðs- og launavísitölu með grunnvísitölu í desember 2021 (20% vægi neysliverðs-vísitölu og 80% vægi launavísitölu). Sveitarstjóri Ásahrepps samþykkir reikningana.

b. *Gámaplan.*

Ásahreppur greiðir árlega 25% af rekstrarkostnaði gámaplans við Landvegamót. Sveitarstjóri Ásahrepps samþykkir reikninga mánaðarlega. Jafnframt skal Ásahreppur greiða til Húsakynna bs. 25% af árlegri fjárfestingu og endurbótum við gámaplanið til að viðhalda eignarhluta sínum í gámaplaninu.

c. *Snjómokstur.*

Ásahreppur greiðir fyrir framkvæmd og umsjón með snjómokstri skv. taxta þjónustu-miðstöðvar Rangárþings ytra fyrir unna tíma. Ber Rangárþingi ytra að halda tímaskýrslu um störfin sem fylgja skal reikningum fyrir þjónustuna. Sveitarstjóri Ásahrepps samþykkir reikningana.

d. *Rekstur íþróttahúss og sundlaugar.*

Ásahreppur greiðir fyrir umsjón með rekstri íþróttamiðstöðvar á Laugalandi og aðgang að íþróttamiðstöð á Hellu og í Þykkvabæ með kostnaðarþátttöku í hlutfalli við íbúafjölda í

sveitarfélögunum 1. desember á reikningsárinu. Umfang og greiðslur fyrir verkefnið er áætlað í fjárhagsáætlun hvers árs og þar er settur rammi um kostnað við þjónustuna. Fyrir bókhald og aðra fjármálalega umsýslu er áætluð föst fjárhæð, kr. 1.051.521 árlega, sem skiptist í sömu hlutföllum og annar kostnaður eins og áður greinir. Fjárhæðin er tengd neysluverðs- og launavísitölu með grunnvísitölu í desember 2021 (20% vægi neysluverðsvísitölu og 80% vægi launavísitölu).

Sveitarstjóri Ásahrepps samþykkir reikningana.

e. *Holtamannaafréttur.*

Samningurinn gerir ráð fyrir að Rangárþing ytra greiði 3/7 af þeim kostnaði sem fellur til við umsjón með Holtamannaafrétti. Fyrir þessa umsýslu er áætluð föst fjárhæð kr. 801.769 árlega sem skiptist í fyrrgreindum hlutföllum. Fjárhæðin er tengd neysluverðs- og launavísitölu með grunnvísitölu í desember 2021 (20% vægi neysluverðsvísitölu og 80% vægi launavísitölu). Sveitarstjóri Rangárþings ytra samþykkir reikningana.

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu vera samkvæmt reikningi eftir því sem kostnaður seljanda fellur til, en endanlegt uppgjör skal fara fram samkvæmt reikningum útgefnum eigi síðar en 1. febrúar vegna næstliðins árs að undangenginni staðfestingu sveitarstjóra kaupanda. Greiðslur skulu falla í gjalddaga 30 dögum eftir útgáfudag reiknings hverju sinni og bera dráttarvexti frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Það sveitarfélag sem tekur að sér rækslu verkefnis tekur allar ákvarðanir, (þ.m.t. ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnsýslulaga nr. 37/1993, ef við á) um framkvæmd þess innan þess ramma sem samningurinn setur, þ.m.t. fyrirkomulag og framboð þjónustu, hverjir eigi aðgang að henni, gjaldtöku ef við á, verklegar framkvæmdir, starfsmannahald og samninga við einkaaðila um framkvæmd verkefna. Við slíka samninga skal gætt ákvæða 2. mgr. 100. og 101. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Rekstrarfjármunir, tæki og önnur verðmæti sem verða til við rækslu verkefnis eru eign þess sveitarfélags sem annast verkefnið.

3. gr.

Gildistími.

Samningurinn gildir ótímabundið frá og með 14. maí 2022, en þó eigi fyrr en innviðaráðuneytið hefur staðfest hann. Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samningurinn sé tekinn til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar, sbr. rammisamkomulag Rangárþings ytra og Ásahrepps.

4. gr.

Önnur atriði.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Menningarhúsinu Hellu, 5. júní 2023.